

Hitaveitufélag Gnúpverja ehf.

Ársreikningur 2024

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Hitaveitufélag Gnúpverja ehf. rekur hitaveitu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Starfsemin á árinu

Rekstur félagsins var með svipuðu mótí í ár og síðastliðið ár. Heildarvelta félagsins 2024 nam kr. 27,3 millj en var kr. 24,4 millj. á árinu 2023. Hagnaður ársins nam kr. 412 þús. í samanburði við kr. 1,6 millj. hagnað árið 2023.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar (jöfnun taps)

Stjórnin leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa vegna ársins en vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun afkomu og breytingar á eigin fé.


Eignaraðild

Í lok árs voru hluthafar 33 í félaginu en voru í byrjun árs 32 að tölu. Einn hluthafi, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, var með 40% eignarhlut en aðrir hluthafar minna en 10% hver um sig.


Stjórn Hitaveitufélags Gnúpverja ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með áritun

Árnesi, 29. ágúst 2025

Stjórn:

Two handwritten signatures in black ink. The first signature is 'Bilki Þórðsson' and the second is 'Göndur Lúsi Sigfússon'.

Framkvæmdastjóri:

A handwritten signature in black ink that reads 'Ingvar Þrándarson'.

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hitaveitufélags Gnúpverja ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Hitaveitufélags Gnúpverja ehf. fyrir árið 2024 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins. Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingaverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi látum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Árnesi, 29. ágúst 2025

Rýni endurskoðun ehf

Theodór Ingi Pálmason
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
Rekstrartekjur			
Sala		27.320.908	24.442.589
		<u>27.320.908</u>	<u>24.442.589</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		12.774.236	9.936.110
Annar rekstrarkostnaður		12.882.839	11.283.612
Afskriftir	3	<u>1.070.652</u>	<u>1.070.652</u>
		26.727.727	22.290.374
Rekstrarhagnaður		593.181	2.152.215
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		252.743	167.743
Vaxtagjöld		<u>(314.887)</u>	<u>(311.107)</u>
		(62.144)	(143.364)
Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta		531.037	2.008.851
Tekjuskattur	5	(119.422)	(405.810)
Hagnaður ársins		<u><u>411.615</u></u>	<u><u>1.603.041</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýringar	2024	2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Hitaveita og búnaður	3	18.460.905	19.531.557
		<u>18.460.905</u>	<u>19.531.557</u>
Fastafjármunir samtals		18.460.905	19.531.557
Veltufjármunir			
Birgðir		6.750.000	2.450.000
Viðskiptakröfur		5.752.311	4.579.293
Aðrar skammtímakröfur		1.121.087	301.374
Handbært fé		<u>3.612.359</u>	<u>6.993.981</u>
		17.235.757	14.324.648
Eignir samtals		<u><u>35.696.662</u></u>	<u><u>33.856.205</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2024	2023
Eigið fé	4		
Hlutfé		1.000.000	1.000.000
Lögbundinn varasjóður		250.000	250.000
Óráðstafað eigið fé		30.024.100	29.612.485
		<u>31.274.100</u>	<u>30.862.485</u>
Skuldir			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	5	131.275	70.293
		<u>131.275</u>	<u>70.293</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		4.138.295	2.450.816
Skattar ársins	5	58.440	395.343
Aðrar skammtímaskuldir		94.552	77.268
		<u>4.291.287</u>	<u>2.923.427</u>
Skuldir samtals		4.422.562	2.993.720
Eigið fé og skuldir samtals		<u>35.696.662</u>	<u>33.856.205</u>

Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		411.615	1.603.041
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	1.070.652	1.070.652
Aðrir liðir	5	60.982	10.467
		<u>1.543.249</u>	<u>2.684.160</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(1.992.731)	10.187
Birgðir		(4.300.000)	0
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>1.367.860</u>	<u>267.689</u>
		<u>(4.924.871)</u>	<u>277.876</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>(3.381.622)</u>	<u>2.962.036</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(3.381.622)	2.962.036
Handbært fé í byrjun tímabils		<u>6.993.981</u>	<u>4.031.945</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>3.612.359</u></u>	<u><u>6.993.981</u></u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Hitaveitufélag Gnúpverja ehf. rekur hitaveitu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.2 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2025. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

2.3 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar samkvæmt áfangaaðferð.

2.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Vélar og tæki 5-17 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.5 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og sölukostnaði. Innifalið í kostnaðarverðmæti birgða er millifærsla vegna áhrifa gengisvarna af eigin fé vegna innkaupa á birgðum.

Skýringar

2.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

2.7 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.8 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

2.9 Tekjuskattsinnæign (-skuldbinding)

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattalegu tapi tímabilsins og kemur til frádráttar á næstu reikningsárum, færist til eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsinnæign. Mismunur þessi stafar af því að skattalegt tap samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en tap fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í ársreikningi en skattauppgjöri.

Reiknuð tekjuskattsinnæign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinnæign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

2.10 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

Skýringar

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Hitaveita og búnaður
Árslok 2023:	
Bókfært verð í ársbyrjun	20.602.209
Afskriftir	(1.070.652)
Bókfært verð í árslok	19.531.557
Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig:	
Kostnaðarverð	131.076.489
Afskrifað samtals	(111.544.932)
Bókfært verð í árslok	19.531.557
Árslok 2024:	
Bókfært verð í ársbyrjun	19.531.557
Afskriftir	(1.070.652)
Bókfært verð í árslok	18.460.905
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:	
Kostnaðarverð	131.076.489
Afskrifað samtals	(112.615.584)
Bókfært verð í árslok	18.460.905

4. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2023:				
Staða í ársbyrjun	1.000.000	250.000	28.009.444	29.259.444
Hagnaður (tap) ársins	0	0	1.603.041	1.603.041
Staða í árslok	1.000.000	250.000	29.612.485	30.862.485
Hreyfingar 2024:				
Staða í ársbyrjun	1.000.000	250.000	29.612.485	30.862.485
Hagnaður (tap) ársins	0	0	411.615	411.615
Staða í árslok	1.000.000	250.000	30.024.100	31.274.100

5. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	70.293
Áhrif skattprósentubreytingar	3.516
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	115.907
Tekjuskattur til greiðslu 2025 vegna 2024	(58.440)
	131.275
Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði:	
	Staða 1.1. Staða 31.12.
Veltufjármunir	70.293 131.275
	70.293 131.275

Tekjuskattur félagsins til greiðslu á árinu 2025 er áætlaður kr. 58.440 en þá hafa verið nýttar heimildir skattalaga til sérstakra afskrifta, niðurfærslu viðskiptakrafna o.fl.

Sundurliðanir

	2024	2023
Kostnaðarverð seldra vara		
Birgðir í upphafi árs	2.450.000	2.450.000
Vörukaup	9.201.364	1.732.396
Rafmagn	7.872.872	8.203.714
Birgðir í lok árs	(6.750.000)	(2.450.000)
	<u>12.774.236</u>	<u>9.936.110</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Húsaleiga	180.000	180.000
Annar húsnæðiskostnaður	297.371	0
Leiga á borholu	2.986.289	2.760.292
Viðhald áhalda og tækja	2.171.988	2.779.832
Skrifstofuáhöld	0	212.525
Rekstur tölvukerfis	212.207	201.192
Vátryggingar	93.231	89.455
Aðkeypt þjónusta	4.075.720	2.230.975
Bókhald og reikningsleg aðstoð	2.012.125	1.985.000
Simakostnaður	0	34.277
Pappír, prentun og ritföng	0	30.958
Burðargjöld	16.627	22.929
Aðkeyptur akstur	96.853	74.844
Ökutækjastyrkur	504.030	481.170
Félags- og aðildargjöld	182.832	179.963
Útvarpsgjald	20.900	20.200
Annar kostnaður	32.666	0
	<u>12.882.839</u>	<u>11.283.612</u>